

Skýringar með nýjum ársreikningi kirkjugarða

Meðfylgjandi eru ný eyðublöð vegna ársreikninga kirkjugarða. Tilgangur með breytingu á forminu er að gera reikningsskilin

skýrari en verið hefur og draga betur fram í rekstri kirkjugarða mikilvæg atriði, m.a. fjárhagsleg samskipti kirkju og kirkjugarðs.

Eyðublöðin skýra sig að mestu leyti sjálf en til frekari áréttingar er eftirfarandi tekið fram:

Áritun

1. Nauðsynlegt er að allir tilgreindir aðilar áriti reikninginn
2. Hafi löggiltur endurskoðandi endurskoðað reikninginn og vottað hann með áritun sinni þarf sú áritun að fylgja reikningnum.

Rekstrarreikningur

1. Ef nauðsynlegt er að sundurliða frekar einstaka kostnaðar- eða tekjuliði skal nota tilvísun í skýringardálki sem vísar í séryfirlit

sem fylgja á reikningnum. Þetta á meðal annast við um rekstur útfararkapellu, rekstur véla og tækja og annars rekstrarkostnaðar.

2. Ef ekki liggur fyrir fyrningaskýrsla skal sýna í skýringum hvernig afskriftir eru tilkomnar, þ.e. stofn og afskriftarprósenta.

3. Vakin er athygli á því að á bls. 5 skal gera sérstaklega grein fyrir veittum og mótteknum styrkjum, lánum og framlögum þar sem m.a. komi fram hvaða verkefni er ætlað að styrkja með þessum hætti.

Efnahagsreikningur

1. Koma þarf fram hvort fasteignir eru færðar á fasteignamati eða endurmetnu kostnaðarverði.
2. Aðrar eignir eiga að miðast við endurmetið kostnaðarverð.
3. Ef um veðskuldir er að ræða þarf að koma fram hvaða eign er að veði fyrir skuldinni.

Greinargerðir

1. Gera þarf grein fyrir framkvæmdum eins og verið hefur.
2. Eins og fram kemur hér að ofan þarf að gera sérstaklega grein fyrir framlögum, styrkjum og lánum.